Nr. 1455 18. desember 2023

# GJALDSKRÁ

**Vatnsveitu Hafnarfjarðar.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005.

Notkunargjald* er 38 kr. pr. mælt tonn.

**Mælaleiga.****

Mælaleiga er háð stærð og gerð mælis.

| | *Kennitákn* | *Mælaleiga pr. ár, kr.* | *Mælaleiga pr. dag, kr.* |
|---|---|---|---|
| 30 / 1 1/4" | 30 | 23.190 | 63,53 |
| 40 / 1 1/2" | 40 | 25.767 | 70,59 |
| 50 / 2"T | 50 t | 42.945 | 117,65 |
| 65 / 2 1/2" | 65 | 53.988 | 147,91 |
| 80 / 3" | 80 | 63.805 | 174,81 |
| 100 / 4" | 100 | 100.613 | 275,65 |
| 150 / 6" | 150 | 120.859 | 331,12 |
| 200 / 8" | 200 | 147.239 | 411,39 |

Með ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

* Notkunargjald er lagt á samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 í samræmi við ákvörðun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 21. október 2019.

** Mælaleiga er ákveðin samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

2. gr.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er 0,035% af heildarfasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,052% af öðru húsnæði.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Með ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Gjald fyrir heimæðar vatnsveitu í nýbyggingum er samkvæmt eftirfarandi töflu.

**Heimæðagjald.**

| *Þvermál heimæðar, PE* | *Heimæð lengd 0-30 m** kr.* | *Verð á metra umfram 30 m ** kr.* |
|---|---|---|
| 32 | 269.184 | 7.317 |
| 40 | 361.866 | 10.401 |
| 50 | 408.969 | 11.499 |
| 63 | 464.291 | 12.804 |
| 90 | 729.420 | 19.728 |
| 110 | 911.046 | 23.012 |
| 160 | 1.492.859 | 25.158 |
| 180 | 2.250.000 | 29.200 |
| Tenging og aftenging á byggingavatni, 19.724 | | |

* Heimæðagjald er greitt fyrir fram.

** Innifalið er efni og vinna.

Gjöldin eru uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Gjöldin miðast við að húsbyggjandi leggi til skurð sem grafinn er á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að tengirými fasteignar og að ídráttarröri sé komið fyrir alla leið inn í tengirými. Ídráttar-

rör skal vera ídráttarhæft. Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurhellu 2, Hafnarfirði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt í bæjarráði 30. nóvember 2023 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 4. desember 2023, tekur gildi 1. janúar 2024.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 1527/2022.

*Hafnarfirði, 18. desember 2023.*

**Rósa Guðbjartsdóttir** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2023